

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 7. janúar 2025

Mál nr. E-259/2024:

## Sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi

(Bjarki Már Baxter lögmaður)

gegn

X

(Magnús Jónsson lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 10. desember 2024, var höfðað 11. janúar 2024 af Sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi, Reykjastræti 2, Reykjavík gegn X, [...], Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.737.600 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. júní 2020 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.
- Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar úr hendi stefnanda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

### Helstu málsatvik

- Í apríl 2019 gerði stefnandi samning við félagið Orange Project ehf. um leigu á skrifstofurými nr. 320 og 312 að Kalkofnsvegi 2 í Reykjavík. Er ágreiningslaust að áður höfðu sömu aðilar gert samning sín á milli um minna skrifstofurými, sem mun hafa verið ætlað færri starfsfólki.
- Samningur þessi er á ensku og ber yfirskriftina „Office Service Agreement“, eða Þjónustusamningur um skrifstofu, samkvæmt framlagðri þýðingu þess samnings. Þar kemur fram að tryggingargjaldi frá fyrri samningi, 1.485.800 krónum, skyldi haldið eftir en tryggingargjald fyrir viðbótarþjónustu næmi 1.251.800 krónum.
- Stefnandi sagði samningi þessum upp með bréfi 28. maí 2020 með mánaðar fyrirvara og skilaði af sér húsnæðinu.

7. Orange Project ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 2. desember 2020 með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. Fyrir liggur að stefnandi gerði kröfu um endurgreiðslu tryggingargjaldsins með bréfi, dags. 18. desember 2020, og lýsti kröfu í þrotabúið. Skiptum þrotabúsins var lokið 25. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur.
8. Með bréfi, dags. 27. júlí 2022, krafðist stefnandi skaðabóta úr hendi stefnda sem næmu hinu greidda tryggingarfé sem ekki hefði fengist greitt úr hendi Orange Project ehf. eða þrotabús þess. Sú krafa var áréttuð með bréfi, dags. 3. nóvember 2023, en engin svör við þessum bréfum munu hafa borist frá stefnda og af þeim sökum hefur stefnandi höfðað mál þetta.

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

9. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi, sem eini stjórnarmaður og meirihlutaeigandi félagsins Orange Project ehf., sem var leigusali stefnanda, brotið gegn ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 sem og ákvæðum leigusamnings stefnanda og leigusalans um meðferð tryggingarfjár og beri því skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda.
10. Ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 gildi um afnot af húsnæði eða hluta af húsnæði gegn endurgjaldi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Ákvæði laganna sem gildi skv. orðanna hljóðan um íbúðarhúsnæði eigi við um atvinnuhúsnæði eftir því sem við getur átt og að því leyti sem löggin hafa ekki að geyma sérreglur um atvinnuhúsnæði, sbr. 2. málslíð 3. mgr. 1. gr. laganna. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði séu frávikjanleg, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna, og gildi aðeins um slíkt húsnæði sé ekki á annan veg samið. Í leigusamningi sé vísað til þess að íslensk lög gildi um réttarsambandið og því eigi húsaleigulög við. Því beri að líta til 40. gr. laganna um tryggingarfé og meðferð þess.
11. Stefnandi byggir á því að tryggingarfé sem greitt er í tengslum við leigu sé ekki eign leigusala. Skv. 4. mgr. 40. gr. laganna skuli leigusali varðveita leigufé á sérgreindum óbundnum reikningi hjá viðskiptabanka eða sparisjóði sem beri svo háa vexti sem kostur er til greiðsludags til leigjanda reyni ekki á trygginguna. Leigusala sé óheimilt að ráðstafa því fé eða taka af því án samþykkis leigjanda nema fyrir liggja endanleg niðurstaða um bótaskyldu leigjanda eða um greiðslu vangoldinnar leigu. Hvorugt eigi við í tilviki þessu þar sem stefnandi hafi greitt fulla leigu allan leigutímann og engin krafa komið fram um greiðslu bóta enda húsnæðinu verið skilað í sama ástandi og við því var tekið.

12. Stefnandi vísar til til samningsákvæðis 8.2 í leigusamningi þess efnis að leigutaki skyldi greiða tryggingu sem jafngilti tveggja mánaða leigu. Tryggingarféð skyldi vera í vörslum leigusala sem trygging fyrir efdum leigutaka, án þess að bera vexti. Þá segi þar að tryggingarfé skuli skilað í lok leigutíma.
13. Samkvæmt framangreindu leiði hvort tveggja af leigusamningi og lögum að tryggingarféð sé eign stefnanda og hafi aðeins staðið til tryggingar á skuldbindingum leigutaka gagnvart leigusala. Stefnandi hafi greitt öll leigugjöld og skilað húsnæðinu án athugasemda. Tryggingarféð hafi hins vegar ekki verið á reikningum þrotabúsins við gjaldþrot þess og því sé ljóst að því hafi verið ráðstafað í andstöðu við ákvæði 4. tl. 1. mgr. 40. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 og ákvæði leigusamningsins. Á því beri stefndi skaðabótaábyrgð.
14. Um grundvöll skaðabótaábyrgðar stefnda vísar stefnandi nánar til þess að með því að stefndi hafi ekki haldið tryggingarfénu sérgreindu en ráðstafað því án heimildar, og með því að stefndi hafi ekki endurgreitt stefnanda það við lok leigunnar og eða tryggt að það yrði stefnanda til reiðu við gjaldþrot félagsins hafi stefndi með athöfnum eða athafnaleysi sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttsemi.
15. Stefndi sem eini stjórnarmaður, framkvæmdastjóri, prókúruhafi og meirihlutaeigandi Orange Project ehf. hafi borið ábyrgð á öllum rekstri félagsins og athöfnum þess, þar með talið að tryggja vörslu tryggingarfjárins skv. lögum og samningum. Stefnandi vísar um ábyrgð stefnda til 1. mgr. 44. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1944 og 2. mgr. 41. gr. sömu laga sem og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Stefndi hafi verið framkvæmdastjóri og eini stjórnarmaður félagsins og því einn borið ábyrgð á athöfnum og eða athafnaleysi félagsins. Sem slíkum bar honum að hafa eftirlit með bókahaldi, meðferð fjármuna og rekstri félagsins, sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1996. Sömuleiðis hafi stefnda borið að ganga úr skugga um að meðferð fjármuna félagsins væri í samræmi við lög, þar með talin húsaleigulög, bókhaldslög og lög um ársreikninga, sem og samninga við leigutaka. Augljóst sé að þetta hlutverk hafi verið vanrækt.
16. Stefndi hafi auk framangreinds sem framkvæmdastjóri borið ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1996, borið ábyrgð á því að bókhald væri rétt fært auk þess sem stefndi hafi skv. 18. gr. samþykkt félagsins farið með reikningshald félagsins. Í því hafi falist að hafa bókhaldi lögum samkvæmt. Þá hafi stefndi haft prókúruumboð félagsins og þannig aðgang að bankareikningum þess. Auk þessa hafi

stefndi verið eigandi 50% hlutafjár félagsins og auk þess farið með óbein eignarráð yfir 25% hluta þess gegnum annað félag í hans eigu.

17. Með vísan til framangreinds hafi stefndi persónulega og einn borið ábyrgð á rekstri félagsins og einn farið með æðsta vald í málefnum þess. Það sé því óumdeilanlegt að stefndi hafi borið ábyrgð á því að meðferð tryggingarfjárins væri í samræmi við lög og samninga.
18. Stefnandi kveður öll skilyrði skaðabótaábyrgðar uppfyllt í málinu. Í sakarreglunni felist að sá sem hafi valdið öðrum tjóni með saknæmri og ólögmati athöfn sinni eða athafnaleysi skuli bæta það tjón sem telja má sennilega afleiðingu af athöfn hans eða athafnaleysi. Stefndi hafi með saknæmum hætti, af ásetningi eða gáleysi, ráðstafað tryggingarfé stefnanda með ólögmetum hætti fyrir gjaldþrot félagsins og beri á því skaðabótaábyrgð.
19. Tjón stefnanda sé augljós afleiðing hinnar bótaskyldu háttsemi. Augljóst sé að fénu hafi verið ráðstafað með einhverjum hætti þannig að það varð ekki endurgreitt og ekki tiltækt á bankareikningum félagsins við gjaldþrot. Skilyrðum um sennilega afleiðingu og orsakatengsl sé því fullnægt ásamt öðrum skilyrðum bótaskyldu.
20. Um sundurliðun dómkröfu sinnar vísar stefnandi til þess að hann hafi greitt tryggingarfé í tveimur greiðslum. Þá fyrri 7. nóvember 2018, 1.485.800 krónur, og þá síðari 21. maí 2019 að fjárhæð 1.251.800 krónu, samtals 2.737.600 krónur sem er stefnukrafa málsins, og krafist sé dráttarvaxta frá 28. júní 2020, sbr. 4. mgr. 40. gr. húsaleigulaga.

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

21. Stefndi byggir á því að hann hafi ekki brotið gegn ákvæðum húsaleigulaga í tengslum við þjónustusamning sem stefnandi gerði við Orange Project ehf. Stefndi hafi ekki haft með samninga við stefnanda að gera, og hvorki tekið við fjármunum frá honum né ráðstafað þeim.
22. Stefndi kveður samninga Orange Project ehf. og stefnanda vera þjónustusamning, m.a. um atvinnuhúsnæði, og því beri að líta til ákvæðis 2. mgr. 2. gr. húsaleigulaga en samkvæmt því séu ákvæði húsaleigulaga um atvinnuhúsnæði frávíkjanleg og gildi því aðeins um slíkt húsnæði að ekki sé á annan veg samið. Um sé að ræða þjónustusamning sem verði sem slíkur lagður til grundvallar lögskiptum Orange Project ehf. og stefnanda. Skaðabótabyrgð stefnda sé því ekki fyrir hendi, ekki sé um að ræða brot félagsins og jafnvel þó svo væri feli það ekki í sér skaðabótaskyldu stefnda.

23. Stefndi vísar til greinar 8.2 í samningnum þar sem kveðið er á um greiðslur en þar segi einungis að innborgun skuli skilað og greiðandi innborgunar eigi ekki kröfur um vexti af innborguninni. Skv. þessu samningsákvæði séu engar sérreglur eða sérákvæði í þjónustusamningi aðila um að innborguninni skuli haldið aðgreindri frá öðrum fjármunum félagsins. Þvert á móti hafi verið samið um hið gagnstæða varðandi vexti af innborguninni, ólíkt því sem kveðið sé á um í húsaleigulögum um tryggingarfé. Augljóst sé af þjónustusamningnum að ákvæði 4. tl. 40 gr. húsaleigulaga eigi ekki við. Af sjálfu leiði að um innborgun stefnanda gildi því sömu reglur og um aðra fjármuni félagsins sem síðar urðu hluti af þrotabúi þess. Stefndi beri því ekki ríkari skyldur eða bótaábyrgð á þessum fjármunum en félagið sjálft og því verði ekki á framangreindu ákvæði byggt gagnvart stefnda.
24. Stefndi kveðst mótmæla því að með því að í samningi stefnanda við Orange Project ehf. komi fram að íslensk lög gildi um réttarsambandið felist að ákvæði 4. tl. 40. gr. húsaleigulaga eigi við. Af sjálfu leiði að íslensk lög eigi við í samræmi við það sem í samningnum greinir.
25. Stefndi kveður samninginn kveða sérstaklega á um innborgun og meðferð hennar. Ljóst sé að þar sé um að ræða frávik frá íslenskum húsaleigulögum sem haldi því gildi sínu enda hafi stefnandi samþykkt það með með undirritun sinni. Nefnd tilvísun til íslenskra laga taki fyrst og fremst til almennra lögskýringaþátta og meðferðar íslenskra dómstóla komi til ágreinings á milli aðila. Því gildi um innborgun stefnda sömu reglur og um aðrar greiðslur til Orange Project ehf. og engar frekari skyldur eða skuldbindingar í því sambandi eða einhver skaðabótaskylda eða frekari ábyrgð verði lögð á stefnda á þeim grundvelli. Röksemdir stefnanda um skaðabótaábyrgð stefnda vegna þess að innborguninni var ekki haldið aðskilinni frá öðrum fjármunum eigi því ekki við um þjónustusamning Orange Project ehf. og stefnanda.
26. Þá byggir stefndi á því að þó stefndi hafi verið eini stjórnarmaður félagsins og framkvæmdastjóri þess með prókúru fyrir félagið sé ekki þar með sagt að stefndi hafi verið eða sé skaðabótaskyldur vegna allra athafna félagsins eða athafnaleysis. Mikil umsvif hafi verið hjá félaginu og fjöldi starfsmanna sem hver og einn hafði miklar heimildir varðandi reksturinn, hver á sínum stað, en félagið hafi verið með þjónustusamninga við fjölda lögaðila og einstaklinga á fjórum mismunandi stöðum. Stefndi hafi sjálfur verið með starfsstöð í Ármúla 20 og hafi lengst af haft með rekstur þess staðar að gera og þjónustusamninga sem tengdust honum.

27. Stefndi kveður útlokað að hann gæti haft umsjón með öllu sem gerðist innan fyrirtækisins og þess vegna hafi ákveðnum starfsmönnum verið falin framkvæmdastjórn hverjum á sínum stað. Enda ómögulegt fyrir stefnda að gera sér ljósa framkvæmd hvers einasta viðskipta- og þjónustusamnings sem fyrirtækið gerði eða hvort eða hvernig greiðslur hafi verið inntar af hendi.
28. Stefndi hafi sinnt störfum sínum vel í hvívetna, en það hafi tekið sinn toll. Hann hafi verið frá vegna Covid-sýkingar um tíma og á þeim tíma hafi verið mikið um að vera vegna lokana sem stjórnvöld gripu til og útilokað fyrir stefnda að halda algjörlega utan um reksturinn meðan á því stóð og eftir það.
29. Þá kveðst stefndi ekkert hafa haft með greiðslur og innborganir stefnanda að gera, ekkert komið að því eða vitað um það fyrr en eftir á. Þá kveður stefndi ekkert í ákvæðum laga um einkahlutafélög er varða stjórnendur slíkra félaga, sem stefnandi byggir á, leiða til þess, miðað við aðstæður, að stefnda verði gert að bera bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Stefndi beri því ekki persónulega ábyrgð á endurgreiðslu til stefnanda og sé ekki skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda hvað svo sem líði ákvæðum 4. t.l. 40. gr. húsaleigulaga eða tilvitnuðum ákvæðum laga um einkahlutafélög.
30. Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi lýst kröfu sinni í þrotabú Orange Project ehf. sem almennri kröfu en ekki hafi verið tekin afstaða til kröfunnar. Engin greiðsla hafi komið upp í kröfuna.
31. Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi sýnt af sér meiri háttar og vítavert tómlæti um kröfu sína. Stefnanda hefði borið að gera stefnda grein fyrir því án tafar teldi hann stefnda skaðabótaskyldan gagnvart sér og ekki síðar en í desember 2020 er Orange Project ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Það hafi hann hins vegar ekki gert. Stefnandi hafi fyrst í júlí 2022 tilkynnt stefnda um skaðabótaábyrgð hans vegna þeirrar kröfu sem hér um ræðir, eða næstum tveimur árum eftir að félagið var tekið til skipta. Þá hafi ekkert gerst fyrr en með innheimtubréfi, dags. 3. nóvember 2023. Stefnandi hafi því ekki rekið málið með eðlilegum hraða og því sýnt af sér vítavert tómlæti sem eitt og sér nægi til sýknu.
32. Þá byggir stefndi á því að meint tjón stefnanda sé vegna þess að viðsemjandi stefnanda, Orange Project ehf., lenti í greiðsluerfiðleikum og gjaldþroti en það hafi ekkert með stefnda eða meinta persónulega ábyrgð hans að gera. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að stefndi hafi brotið af sér gagnvart stefnanda þannig að leiði til persónulegrar bótaskyldu hans.

### *Niðurstaða*

33. Ágreiningsefni máls þessa lýtur í meginatriðum að tvennu. Annars vegar því hvort til húsaleigulaga nr. 36/1994 verði litið um samning stefnanda við Orange Project ehf. og hins vegar hvort stefndi beri persónulega bótaábyrgð á tjóni sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir í viðskiptum sínum við félagið.

### *Um samning stefnanda og Orange Project ehf.*

34. Samningur sá sem gerður var milli stefnanda og Orange Project ehf. var gerður hér á landi í apríl 2019, og ber heitið „Office Service Agreement“. Meginefni samningsins, sem er á ensku, varðar leigu á tveimur skrifstofum fyrir átta starfsmenn fyrir nánar tilgreint gjald á mánuði. Í framlagðri þýðingu meðfylgjandi skilmála samningsins segir berum orðum í gr. 1.1 um eðli samningsins „Samningur þessi er sambærilegur við samning um hótलगistingu.“
35. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 36/1994 um húsaleigu gilda þau um leigusamninga um afnot af húsnæði eða hluta af húsnæði gegn endurgjaldi, sbr. þó undantekningarákvæði 4. mgr. 1. gr., en samkvæmt því gilda lögini ekki um samninga um afnot húsnæðis samkvæmt lögum um húsnæðissamvinnufélög og lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Þá gilda ákvæði húsaleigulaga um samninga sem ásamt öðru eru um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi að því tilskyldu að sá þáttur sé meginatriði þeirra, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna.
36. Hvorki í skilmálum hins umrædda samnings né leigusamningi er vísað sérstaklega til ákvæða laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007. Þá liggur ekkert annað fyrir í málinu um það að til þeirra laga skuli litið í þessu samhengi. Þá verður til þess litið að meginþáttur samningsins laut að afnotum húsnæðis gegn endurgjaldi. Undantekningarákvæði 4. mgr. 1. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 á því ekki við um samninginn og ekki verður á því byggt að „um annað hafi verið samið“, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 36/1994. Ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 eiga því við um samninginn eftir því sem við getur átt, þar með talið ákvæði 40. gr. laganna er varðar tryggingarfé.
37. Í nefndri 40. gr. húsaleigulaga er fjallað um það með hvaða hætti trygging, sem leigusali gerir kröfu um, eftir heimild 39. gr. sömu laga, skuli vera. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 40. gr. getur trygging verið í formi tryggingarfjár, sem leigjandi greiðir leigusala. Skal leigusali þá varðveita féð á sérgreindum óbundnum reikningi hjá viðskiptabanka eða sparisjóði sem ber svo háa vexti sem kostur er til greiðsludags, sem greiðist leigjanda

reyni ekki á trygginguna. Óheimilt er að gera fjárnám í fénu meðan það er í vörslu leigusala. Leigusali má ekki ráðstafa fénu eða taka af því án samþykkis leigjanda nema fyrir liggja endanleg niðurstaða um bótaskyldu leigjanda. Þó er leigusala jafnan heimilt að ráðstafa tryggingarfénu til greiðslu á vangoldinni leigu, bæði á leigutímanum og við lok leigutímans.

38. Í framlagðri þýðingu skilmála samningsins sem um ræðir er fjallað sérstaklega um tryggingargjald/innborgun í grein 8.1. Samkvæmt henni skal viðskiptavinur greiða tryggingargjald/innborgun sem nemi tveggja mánaða skrifstofugjaldi við gerð samningsins, nema önnur fjárhæð sé tilgreind, til tryggingar því að viðskiptavinur uppfylli allar skyldur sínar samkvæmt samningi. Þá kemur þar og fram að tryggingargjald skuli endurgreitt viðskiptavini þegar hann hefur gert upp reikning sinn að frádregnum útistandandi gjöldum og kostnaði sem honum ber að greiða þjónustuveitanda. Framangreint verður ekki skilið með öðrum hætti en þeim að leigusalanum hafi verið skylt að halda tryggingarfé aðgreindu frá öðrum fjármunum, þannig að það væri til reiðu við lok leigusamnings, eftir atvikum.
39. Að framansögðu virtu verður fallist á það með stefnanda að viðsemjanda hans, Orange Project ehf., hafi verið skylt að halda umsömdu tryggingarfé aðskildu frá öðrum fjármunum félagsins og óheimilt að ráðastafa því. Óumdeilt er að stefnandi greiddi umkrafða tryggingu og að hún var ekki endurgreidd við leigulok né fékkst hún greidd úr þrotabúi félagsins.

#### *Um skaðabótaábyrgð stefnda*

40. Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda persónulega á hinn almennu sakarreglu skaðabótaréttarins og því að stefndi hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi ekki gætt þess að meðferð tryggingarfjárins væri lögum samkvæmt, en á því hafi hann borið ábyrgð sem framkvæmdastjóri og eini stjórnarmaður hins gjaldþrota félags, auk þess sem hann hafi í reynd átt meirihluta félagsins. Um skyldur stefnda í þessu efni og ábyrgð nánar vísar stefnandi sérstaklega til ákvæða laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, sem og laga um ársreikninga og bókhald og húsaleigulaga.
41. Í 108. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er mælt fyrir um skyldu stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og skoðunarmanna svo og rannsóknarmanna til að bæta félaginu það tjón sem þeir hafa valdið því í störfum sínum,

hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir ef hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga nr. 138/1994 eða samþykktum félags.

42. Í 44. gr. laga um einkahlutafélög er sérstaklega fjallað um skyldur félagsstjórnar og framkvæmdastjóra. Þar er í 3. mgr. sérstaklega mælt fyrir um skyldu framangreindra til að sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
43. Samkvæmt framlögðum gögnum er ótvírætt að stefndi var eini stjórnarmaður félagsins jafnframt því að gegna stöðu framkvæmdastjóra og hafa prókúru félagsins á hendi sér. Sem slíkur hafði stefndi daglegan rekstur félagsins með höndum og kom fram fyrir hönd þess, sbr. framangreint ákvæði 44. gr. laga um einkahlutafélög sem og 18. gr. samþykktu félagsins Orange Project ehf., sem kveða á um sambærilegar skyldur framkvæmdastjóra.
44. Í samræmi við ákvæði 44. gr. laga nr. 138/1994 og samþykktu félagsins bar stefnda skylda til að fylgjast með stöðu félagsins á hverjum tíma og hafa eftirlit með bókhaldi, þar með talið því hvernig fjármunum félagsins var varið og einnig hvort gætt væri lagaskyldna í því sambandi, t.d. varðandi vörslufé eins og það tryggingarfé sem mál þetta varðar. Stoðar stefnda ekki að bera fyrir sig ókunnugleika í þeim efnum eða að rekstur félagsins hafi verið svo umfangsmikill að honum hafi verið nauðsynlegt að deila framangreindri ábyrgð með einstökum starfsmönnum. Má um það m.a. vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 206/1999. Þvert á móti verður litið svo á að stefndi hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi látið undir höfuð leggjast að sinna skyldum sínum sem framkvæmdastjóri félagsins, þar á meðal ekki gætt þess að tryggingarfé í eigu stefnanda væri handbært ef og þegar á þyrfti að halda. Með þessum hætti gerðist stefndi sekur um stórfellt gáleysi í starfi sínu sem framkvæmdastjóri félagsins. Sú staðreynd að tryggingarféð var ekki handbært á reikningum félagsins er bein afleiðing af þeirri vanrækslu stefnda, enda engar aðrar skýringar á því í málinu og því augljóst orsakasambandi milli vanrækslu stefnda og tjóns stefnanda. Er því öllum skilyrðum almennu sakarreglunnar um skaðabótaskyldu stefnda í málinu fullnægt og verður stefnda því gert að bæta stefnanda tjón sitt, sbr. skyldu hans til þess samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 108 gr. laga nr. 184/1994 um einkahlutafélög.
45. Við aðalmeðferð málsins byggði stefndi á því sérstaklega að krafa stefnanda væri niðurfallin sakir vanlýsingar. Af hálfu stefnanda var þeirri málsástæðu mótmælt sem of seint fram kominni. Í greinargerð stefnda er fjallað um það sérstaklega í málsástæðukafla

að kröfu stefnanda hafi verið lýst í þrotabú félagsins sem almennri kröfu og að ekki hefði verið tekin afstaða til hennar af hálfu skiptastjóra. Hvergi er í greinargerð vikið að því að kröfulýsing hafi borist of seint og verður því fallist á það með stefnanda að málsástæða þessi sé of seint fram komin og verður því ekki til hennar litið.

46. Hvað varðar þá málsástæðu stefnda að stefnandi hafi sýnt af sér meiri háttar tómlæti um kröfu sína gagnvart stefnanda sjálfum verður litið til þess sem gögn málsins bera með sér um atvik málsins. Stefnandi gerði umræddan samning við Orange Project ehf. í apríl 2019. Stefnandi sagði þeim samningi upp með bréfi 28. maí 2020 og afhenti húsnaðið í lok júní sama ár. Stefnandi gerði kröfu um endurgreiðslu með tölvupósti til stefnda 18. desember 2020 og samkvæmt framlagðri kröfuskrá þrotabús Orange Project ehf. var kröfu stefnanda lýst í búið í febrúar 2021. Skiptum búsins var lokið 26. mars 2021 og liggur ekkert fyrir um annað en að stefnanda hefði fyrr en þá mátt vera ljóst að greiðsla kæmi ekki úr þrotabúinu. Stefndi kannast við að hafa fengið bréf frá stefnanda eftir það þar sem krafa er höfð uppi um greiðslu tryggingarinnar og hefur ekki mótmælt því sem stefnandi heldur fram að við því hafi ekki verið brugðist með neinum hætti. Að framangreindu virtu og atvikum málsins verður ekki fallist á það með stefnda að krafa stefnanda sé niðurfalinn sakir tómlætis.
47. Samkvæmt framansögðu hefur verið fallist á kröfu stefnanda og verður stefndi því dæmdur til að greiða kröfu stefnanda eins og hún er sett fram en stefndi hefur ekki mótmælt kröfu stefnanda um dráttarvexti af kröfunni.
48. Eftir þessum málsúrslitum, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem að virtu umfangi málsins þykir hæfilega ákveðinn 1.500.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
49. Bjarki Már Baxter lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Jón Magnússon lögmaður fyrir hönd Magnúsar Jónssonar lögmanns fyrir stefnda.
50. Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, X, greiði stefnanda, Sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi, 2.737.600 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. júní 2020 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Bergþóra Ingólfssdóttir